

9. okt. 2019

Ágæta Gegnisfólk,

Mikilvægasta tiltekta verkefnið í Gegni fyrir kerfisskipti er að hreinsa upp gömul vanskil.

Rétti tíminn til að hreinsa upp gamlar myndir í bókasafnskerfinu er við kerfisskipti. Eldri vanskil (eldri en eins eða tveggja ára) verða ekki flutt sem útlán yfir í nýja bókasafnskerfið. Hins vegar munu eintökin, sem eru í vanskilum, flytjast yfir í nýja kerfið með stöðuna „Í hillu“. Það er ekki gott að vera með fullt af eintökum sem sögð eru vera í hillu en eru í raun týnd. Þá er betra að tengja eintakið aftur ef það skyldi skila sér.

Til að auðvelda vinnuna við að hreinsa upp gömul vanskil þá höfum við útbúið vanskilalista yfir vanskil sem eru eldri en eins árs fyrir hvert einasta útlánasafn í kerfinu. Þessir listar voru fyrst keyrðir út um síðustu helgi og verða framvegis keyrðir út á hverjum sunnudegi. Þeir eru aðgengilegir undir „Skráarlisti“ í bleika flípanum í útlánþætti. Heiti skráarinnar er **SAFNKÓÐI_vanskil_1ar**, dæmi: Bókasafn Seltjarnarness sækir listann sem heitir SELAA_vanskil_1ar. Sjá nánari leiðbeiningar á þjónustuvef Landskerfis bókasafna undir Gegni -> Listar og rukkk -> Prenta út lista yfir útlán, vanskil og rukkk, <https://www.landskerfi.is/leidbeiningar/gegni/listar-og-rukk/prenta-ut-lista-yfir-utlan-vanskil-og-rukk>

Athugið að þessir listar hafa engin áhrif á aðrar keyrslur eins og hefðbundna vanskilalista og rukkkbréf yfir safngögn í vanskilum. Þær keyrslur verða óbreyttar.

Eins og flest ykkar vita þá er ekki hægt að eyða eintökum nema skila þeim fyrst. Þannig að það er ekki hægt að eyða eintökum vélrænt ef þau eru í útláni. Ekki er heldur hægt að skila vélrænt.

Tiltekt í vanskilum verður því að fara fram á söfnunum, á handvirkan hátt, áður en skipt verður um kerfi.

Endilega notfærið þið ykkur listana. Fyrst til að átta ykkur á umfanginu og ákveða hvernig best sé að tækla vandann. Sum eintök eru augljóslega töpuð og þá er best að skila þeim og hreinsa út sektir og fleira og að lokum er mikilvægt að eyða eintakinu sjálfu. Önnur eintök reynið þið að kalla inn með ykkar aðferðum. Mikilvægt er að hafa í huga að eintaki er ekki eytt með því að ýta á hnappinn „Eyða“ í listanum yfir útlán lánþegans. Sá hnappur eyðir eingöngu útlánaupplýsingunum en eintakinu sjálfu hefur ekki verið eytt.

Við hjá Landskerfi bókasafna munum fylgjast með umfangi gamalla vanskila hjá söfnunum svo að mögulegt sé að grípa inn í ef söfnin eru ekki að saxa á vanskilin. Versta hugsanlega staða er að vera með mörg eintök skráð „Í hillu“ þó eintökin séu hvergi finnanleg. Það gefur lánþegum ranga mynd af safnkostinum og skapar óþarfa vinnu og vandræði fyrir starfsmenn sem eyða dýrmætum tíma í að leita að eintökum sem alls ekki eru til á safninu.

Vinsamlegast hikið ekki við að hafa samband ef að þið þurfið frekari aðstoð.

Bestu kveðjur,
Sigrún og Ásdís Huld